

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2023

2023/EES/75/27

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/887 frá 20. maí 2021 um að koma á fót evrópskri sérfræðimiðstöð í iðnaði, tækni og rannsóknum tengdum netöryggi og neti landsbundinna samhæfingarmiðstöðva ⁽¹⁾.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2023.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Í 2. gr. bókunar 31 við EES samninginn bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir lið 7 (samevrópsk fjarskiptanet):

- „8. a) EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2023 taka þátt í starfsemi sem kann að leiða af eftirfarandi lagagerð:
- **32021 R 0887**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/887 frá 20. maí 2021 um að koma á fót evrópskri sérfræðimiðstöð í iðnaði, tækni og rannsóknum tengdum netöryggi og neti landsbundinna samhæfingarmiðstöðva (Stjtið. ESB L 202, 8.6.2021, bls. 1).
- b) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarnefndarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.
- c) Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna skulu vera hlutgengir til setu í ráðgjafahópnum vegna stefnumótunar.
- d) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er framkvæmdastjóra sérfræðimiðstöðvarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- e) Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Evrópusambandsins, skal sérfræðimiðstöðin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- f) EFTA-ríkin skulu láta sérfræðimiðstöðina og starfsfólk hennar njóta sérreittinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérreittindi og friðhelgi Evrópusambandsins.
- g) Að því er varðar beitingu reglugerðar (ESB) 2021/696, skulu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl sérfræðimiðstöðvarinnar sem varða EFTA-ríkin.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 202, 8.6.2021, bls. 1.

- h) Með skírskotun til 3. mgr. 79. gr. samningsins skal VII. hluti samningsins (Ákvæði um stofnanir) gilda um þessa málsgrein.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2023.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna**vegna ákvörðunar nr. 27/2023 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2021/887 inn í samninginn**

Samningsaðilar viðurkenna að innleiðing þessarar lagagerðar er með fyrirvara um beitingu bókanar 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins til handa ríkisborgara EFTA-ríkjanna á yfirráðasvæði hvers aðildaríkis Evrópusambandsins, í samræmi við 11. gr. bókanarinnar.